



Minnisblað

Dags.: 6. desember 2024

Frá: Óttar Guðlaugsson

Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Samstarfssamningur vegna ÍBU og framtíðarstefna á íþróttastarfsemi sveitarfélagsins

Inngangur

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur um langt skeið lagt áherslu á að efla heilsuefningu og tómstundastarf í sveitarfélaginu með áherslu á jafnrétti, vellíðan og samfélagsþátttöku. Íþróttafélagið UMF Hvöt hefur verið burðarás í íþróttastarfi í sveitarfélaginu og hefur sveitarfélagið stutt það myndarlega í því að skapa vettvang fyrir íbúa til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Þetta samstarf hefur verið liður í að efla lýðheilsu og samheldni innan sveitarfélagsins, í takt við samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á sama tíma hefur komið fram áhugi á samstarfi við Íþróttafélag Uppsveita (ÍBU), sem nær yfir fleiri sveitarfélög á svæðinu. Slíkt samstarf getur skapað tækifæri til frekari uppbyggingar íþrótt- og tómstundastarfs og aukins fjölbreytileika í því starfi sem stendur íbúum sveitarfélagsins til boða. Hins vegar er ljóst að vilji til slíks samstarfs þarf að koma frá UMF Hvöt sem getur í því samhengi verið aðili að samstarfi við ÍBU.

Markmið sveitarfélagsins er að tryggja áframhaldandi öflugt starf UMF Hvatar, þar sem það gegnir lykilhlutverki í samfélaginu. Áherslan er á að efla frekar það starf sem þegar er í gangi og kanna möguleika á samstarfi við ÍBU á grundvelli þeirra viðmiða sem UMF Hvöt og ÍBU koma sér saman um. Samstarf sveitarfélagsins við UMF Hvöt verður áfram forgangsmál, en sveitarfélagið mun styðja við aðra möguleika til samstarfs ef vilji til slíks kemur frá félaginu sjálfu.

Tillögur

Tillögurnar sem hér eru lagðar fram miða að því að styðja áframhaldandi þróun og uppbyggingu UMF Hvatar, en leggja jafnframt grunn að því að UMF Hvöt geti í framtíðinni nýtt sér samstarf við ÍBU, ef það telur slíkt ákjósanlegt og í þágu félagsins og samfélagsins í heild. Með þessu móti er tryggt að öflugt íþróttastarf haldist innan sveitarfélagsins, í samræmi við samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps, en jafnframt skapað svigrúm fyrir nýjar lausnir og þróun í samstarfi.



Tillaga 1 – Knattspyrna yfir til ÍBU en efling annarra greina hjá Hvöt

Markmiðið með þessari tillögu er að skýra verkaskiptingu milli ÍBU og Hvatar og hámarka nýtingu þeirra styrkja og aðstöðu sem sveitarfélagið veitir til íþrótt- og tómstundastarfs. Þetta stuðlar að betra jafnvægi milli knattspyrnu og annarra íþróttagreina í sveitarfélaginu.

Með því að fela málefni knattspyrnunnar yfir í hendur ÍBU getur Hvöt tekið styrk sveitarfélagsins til að efla aðrar greinar eða bjóða upp á fjölbreyttara starf. Tækifæri verða fyrir íbúa sveitarfélagsins að taka þátt í skipulagðri starfsemi félagsins og tekið þátt í knattspyrnumótum undir þeirra formerkjum.

Krafist þá er þess að ÍBU sinni starfi hér í sveitarfélaginu allt að 2-3x í viku og sýni fagmennsku og metnað í starfi til að fjölga iðkendum þeirra í félaginu.

Tillaga 2 - Sérstakur styrkur til Hvatar fyrir samstarfsverkefni með öðrum félögum

Þessi tillaga leggur áherslu á að efla hlutverk Hvatar sem miðlægs samræmingaraðila í samstarfi við önnur íþróttafélög, með það að markmiði að bjóða íbúum sveitarfélagsins fjölbreyttari íþróttaviðburði og námskeið.

Með þessum styrk dregur úr kostnaði sveitarfélagsins og tímaþörf félagsins við að byggja upp starfsemi við hverja íþróttagrein. Hér er horft í að sækja þekkingu annarra félaga til að koma inn í sveitarfélagið og bjóða upp á fjölbreyttari hreyfingu undir formerkjum Hvatar. Hvöt tekur leiðandi hlutverk í að samræma þessi verkefni og byggja upp sitt eigið starf í takt við þarfir íbúa. Hvöt getur óskað eftir aðstoð sveitarfélagsins í samstarfsverkefninu með tilheyrandi hætti sem tengjast eflingu íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu.

Með þessari tillögu er samstarfsverkefni ÍBU komið í farveg til Hvatar sem geta útfært eftir þeirra þörfum ef óskað er eftir aðkomu þeirra í sveitarfélagið sem og annarra íþróttafélaga.

Sveitarfélagið leggur áherslu að styrkja Hvöt og renna undir þeim stöðum til að efla starfsemi. Þeim er veitt ábyrgð til að vera leiðandi aðili í að tryggja íþróttastarfsemi og standa vörð um hollustuhætti og fagmennsku í störfum þeirra sem halda starfsemi annarra greina í sveitarfélaginu.

Tillaga 3 – Styrkir einungis veittir til skráðra íþrótt- og æskulýðsfélaga í sveitarfélaginu

Þessi tillaga leggur áherslu á að tryggja að stuðningur sveitarfélagsins fari einungis til félaga sem eru beintengd samfélaginu. Með því móti er lögð áhersla á að efla staðbundna aðila og tryggja að fjármunir nýtist sem best í þágu íbúa.

Með því að styrkja íþrótt- og æskulýðsfélög sem skráð eru í sveitarfélagið kallar á meiri stöðuleika á starfsemi hér á svæðinu og minnkar áhættu á óskýrri ábyrgð í samstarfi við utanaðkomandi aðila. Með



Þessari tillögu erum við að leggja hvata til að efla félagsauð og tengsl innan samfélagsins betur og tryggir ábyrgari rekstur íþróttta- og æskulýðsfélaga sveitarfélagsins.

Framkvæmd og næstu skref

- **Ábyrgð:** Sveitarstjórn ákveður forgangsröðun og samþykkir tillögur á þeim.

Tímalína:

- Tillögur samþykktar fyrir árslok 2024.
- Innleiðing hefjist í byrjun árs 2025.

Niðurstaða

Tillögurnar stuðla að því að styrkja UMF Hvöt og knattspyrnu innan sveitarfélagsins, tryggja fjölbreytni í íþróttastarfi og skýra ábyrgð og verkefni félaganna.

Með því að leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og nýtingu aðstöðu svæðisins er hægt að stuðla að heilsueflingu og vellíðan allra íbúa sveitarfélagsins.